119 **Erindisbrjef**

fyrir nefnd þá, er alþingi velur í hvert skipti, er það kemur saman, samkvæmt 3. gr. í reglum um «Gjöf Jóns Sigurðssonar», 24. ágúst 1881.

1. gr.

Nefndin skal auglýsa hið fyrsta eptir þing tilboð um að senda henni vel samin vísindaleg rit viðvíkjandi sögu landsins og bókmenntum, lögum þess, stjórn og framförum, innan ákveðins tíma, svo nefndin geti gjört að álitum, hvort höfundar ritanna sjeu verðlauna verðir fyrir þau, samkvæmt tilgangi gjafar Jóns Sigurðssonar.

2. gr.

Ritgjörðir þær, sem sendar verða í því skyni að vinna verðlaun, skulu vera nafnlausar en auðkenndar með einhverri einkunn. Nafn höfundarins skal fylgja í lokuðu brjefi með sömu einkunn, sem ritgjörðin hefur.

3. gr.

Nefndin er sjálfráð um það, hversu há eða lág verðlaun hún veitir fyrir ritgjörðir þær, sem henni eru sendar og sem hún álítur verðlauna verðar. Þannig getur hún dæmt einum höfundi að verðlaunum allt það fje, sem ætlað er til verðlauna á tímabilinu alþinga í milli, eða skipt því milli fleiri, eptir því sem henni þykir haga og maklegt vera. Berist nefndinni engar eða fáar ritgjörðir, sem henni þykir verðlauna verðar, skal verðlaunafjeð allt eða sumt geymt til næsta tímabils. Þó hefur nefndin, þegar svo ber undir, heimild til, að veita allt að helmingi þessa fjár sem verðlaun fyrir eina ritgjörð, er komið hefur út á prent, síðan alþing var síðast haldið, þótt höfundurinn hafi eigi ætlazt til verðlauna, ef ritgjörðin er um eitthvert það efni, sem talið er í 1. gr.

4. gr.

Ritgjörð sú, er verðlaun vinnur, er eptir sem áður fullkomin eign höfundarins og skal send honum aptur, þá er hún hefur verið dæmd af nefndinni, og nafn hans er henni kunnugt orðið. Aðrar ritgjörðir, sem eigi eru veitt verðlaun fyrir, skal geyma til þess, er þeirra verður vitjað.

5. gr.

Nefndin skal hafa lokið starfa sínum fyrir útgöngu maímánaðar það ár, sem alþingi á að koma saman. Skal hún þá jafnskjótt tilkynna landshöfðingja hverjum höfundum hún hefur dæmt verðlaun og hversu há hverjum þeirra, en landshöfðingi ávísar fjenu. Svo skal og nefndin senda næsta alþingi skýrslu um gjörðir sínar.

Þannig samþykkt í sameinuðu þingi við aðra umræðu 26. ág. 1885.

(undirskr.) *Árni Thorsteinsson.*

(undirskr.) *Eiríkur Briem.*

EMBÆTTISSKIPANIR.

1. f. m. var fyrsti kennari við prestaskólann, síra Helgi Hálfdánarson, r. af dbr. skipaður af konungi lector theologiæ og forstöðumaður nefnds skóla.

6. þ. m. var settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað, cand. jur. Skúli Thóroddsen, skipaður af konungi í nefnt embætti.

ÓVEITT EMBÆTTI

1. kennaraembættið við prestaskólann í Reykjavík. Launin eru 2400 kr. á ári.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta eiga þeir samkvæmt konungsbr. 8. apríl 1844 og konungsúrsk. 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að láta nægileg vottorð um að þeir kunni íslenzku fylgja bónarbrjefum sínum.

Auglýst 10. október 1885. Bónarbrjef eiga að vera komin til ráðgjafans 15. febrúar 1886.